

n) Merki, sem send eru frá neyðarradíóbauju, er gefur staðarákvörðun.

2. Framangreind merki má ekki sýna eða gefa, nema í þeim tilgangi einum að gefa til kynna, að skip sé í sjávarháska og þarfnist aðstoðar; notkun annarra merkja, sem rugla má saman við neyðarmerkin, eru bönnuð.

3. Athygli er vakin á köflum um neyðarmerki í Alþjóðlegri merkjabók, handbók um leit og björgun skipa, og svo á eftirfarandi merkjum:

a) dúk, sem er rauðgulur og annaðhvort með svörtum ferningi og hring eða öðru heppilegu tákni (til auðkenningar úr lofti);

b) litarefni, sem sett er í sjóinn.

LÖG

um breyting á lögum nr. 35/1978, um lyfjafræðinga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. tölul. 3. gr. laganna orðast svo:

Hafa unnið a.m.k. níu mánuði, þar af sex á námstíma, við framleiðslu lyfja, tilbúning, merkingu og afgreiðslu eða önnur lyfjafræðistörf hér á landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. apríl 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 18/1984, um þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að semja við augndeild sjúkrahúss að annast að einhverju eða öllu leyti lækniþjónustu á vegum stöðvarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Mathías Á. Mathiesen.